

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.  
 Nr. 47/1923. **Ingveldur Guðmundsdóttir og börn hennar**

gegn

**skiftaráðandanum í Ísafjarðar-  
 kaupstað f. h. dánarbús Gríms  
 Jónssonar og lögráðamanni ó-  
 skilgetinna barna hans.**

Um gildi erfðaskrár.

Úrskurður skiftarjettar Ísafjarðar-  
 kaupstaðar 8. maí 1923: Framangreind arflejðsluskra er gild,  
 þó þannig að með henni er einungis ráðstafað  $\frac{1}{4}$  hluta af helm-  
 ingi búans.

### **Dómur hæstarjettar.**

Mál þetta hefir verið rekið samkvæmt 1. lið  
 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt sam-  
 kvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að því athuguðu, að ekki var borin fram fyrir  
 skiftarjettinum nein sjerstök ógildingarástæða gegn  
 erfðaskrá arfleifanda, sem andaðist 29. sept. 1919,  
 heldur henni að eins mótmælt alment, og að hvorki  
 hefir verið aflað nóvaleyfis nje að öðru leyti farið  
 eftir fyrirmælum 36. gr. hæstarjettarlaganna, þá verð-  
 ur, þar sem stefndu hafa ekki mætt í málinu, að  
 telja mótmæli áfrýjeudanna hjer í rjetti um að erfða-  
 skráin brjóti bág við N. L. 5—2—72, ofseint fram-  
 komin.

Hefir erfðaskránni þannig ekki verið löglega mót-  
 mælt og verður því að staðfesta skiftarjettarúrskurðinn.

Málskostnaður hjer í rjetti verður ekki dæmdur,  
 þar eð stefndu, eins og áður segir, mættu ekki við  
 fyrirtekt þess.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðinum skal vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hestarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurður hljóða svo:

Á skiftafundi í búinu 5. þ. m. var lögð fram arfleiðsluskrá eða gjafabréf frá cand. theol. Grími sál. Jónssyni undirskrifað af honum 12. september 1917 og viðurkennt s. d. í viðurvist notarius publicus, en notarialvottalaust.

Með brjefi þessu gefur arfleiðandi börnum sínum og Kristínar Eiríksdóttur, þeim Grími, Hildi og Kristínu  $\frac{1}{4}$  -- einn fjórða -- hluta af skuldlausum eignum sínum eftir sinn dag.

Arfleiðsluskrá þessari hefir verið mótmælt sem ólöglegri af umboðsmanni ekkjunnar, frú Ingveldar Guðmundsdóttur og syni þeirra Sigurði Grímssyni stud. jur. En hinsvegar hefir umboðsmaður Kristínar Eiríksdóttur og barna hennar krafist að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð gild; auk þess heldur umboðsmaðurinn því fram að með ákvæði brjefsins: „ $\frac{1}{4}$  — einum fjórða — hluta af skuldlausum eignum búsins eftir mig látinn“, hafi arfleiðandi ráðstafað  $\frac{1}{4}$  hluta alls búsins eins og það liggi fyrir skuldlaust. Hann krefst því að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð á þeim grundvelli.

Þá hefir og einn erfingjanna Jón kaupmaður Grímsson gert þá kröfu að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð gild, þó þannig að börnum Kristínar Eiríksdóttur verði einungis úrskurðaður  $\frac{1}{4}$  hluti af helmingi búsins. Ennfremur hefir greindur erfingi upplýst í skiftarjettinum, að árið 1920 hafi orðið samkomulag milli hans og hestarjettarmálaflutningsmanns Guðm. Ólafssonar fyrir hönd ekkjunnar og alsystkina hans um það, að þó að ef til vill gera mætti erfðaskrá þessa ógilda, skyldi hún tekin gild að öllu leyti og að hann samkvæmt því hafi haft á hendi fyrir búið töluverðar útborganir til nefndrar Kristínar Eiríksdóttur upp í arfahluta barna hennar, eins og kvittanir þær er fylgi með skjölum búsins sýni.

Þessi upplýsing til skiftarjettarins hefir eigi á neinn hátt verið vefengd, þar sem það hvorki hefir verið vefengt að umgetið samkomulag hafi átt sjer stað nje heldur það, að Guðm.

Ólafsson hafi í raun og veru haft umboð til þess að samþykkja arfleðsluskrána. Það verður því að að líta svo á að þetta sje viðurkent í málinu, enda sýna búskjölin að Jón Grímsson hefir haft á hendi fyrir búsins hönd útborganir þær er að ofan getur um.

Það ber því samkvæmt framangreindu að úrskurða arfleðsluskrána gilda.

Að því er þar næst snertir þá spurningu, hvort ákvæði arfleðsluskrárinnar: „ $\frac{1}{4}$  hluta . . . eftir minn dag“ eigi við alt búið eða einungis helming þess, þó er þess að gæta að í raun og veru er hjer að ræða um fjelagsbú Gríms sál. Jónssonar og ekkju hans, frú Ingveldar Guðmundsdóttur, og með því að arfleðandi ráðstafar hjer búinu eftir sinn dag, brast hann að minsta kosti heimild til þess að ráðstafa nema sínum helmingi af búinu án samþykkis konu sinnar og með því að samþykkis hennar hefir eigi verið leitað, lítur rjetturinn svo á, að arfleðandi hafi í hæstalagi getað ráðstafað helmingi búsins og að þar af leiðandi sje hjer einungis að ræða um  $\frac{1}{4}$  hluta af helmingi búsins.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 48/1923.

**Þorvaldur Pálsson**

gegn

**Jóni Ásbjörnssyni f. h. „Norden“.**

### **Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Pálsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Jóni Ásbjörnssyni f. h. »Norden«, sem látið hefir mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.